

Útkomið í A deild Stjórnartíðindanna.

Konungleg auglýsing um að konungur sje kominn heim aftur, undirskrifuð af konungi 31. desbr. 1898 (A. nr. 21. bls. 84—85).

Auglýsing, er fellir úr gildi auglýsingu frá stjórnarráði Íslands 3. marz 1898 um bólusótt í Middlesborough, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 12. janúar 1899 (A. nr. 1. bls. 2—3).

Brjef landshöfðingja til póstmeistarans í Reykjavík um póstafrgreiðslu á 7 Blönduósi. — Samkvæmt tillögum yðar, herra póstmeistari, í þóknanlegu brjefi 4. febr. yðar, dagsettu 2. þ. m., vil jeg hjermeð kveða svo á um, að póstafrgreiðslan verði flutt frá Sveinsstöðum að Blönduósi, þannig að Blönduós skuli talinn póstafrgreiðslustaður frá 1. maí næstkomandi að telja.

Þetta er yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari aðgjörða.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um makaskipti á kirkjujörð (Staðarkirkju í Grunnavík). — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir með brjefi, dagsettu 12. f. m., skýrt mjer frá, að hans hátign konunginum hafi 27. desbr. f. á. allramildilegast þóknast að veita allrahæst samþykki sitt til þess að makaskipti sjeu höfð á jörðunni Höfða í Grunnavíkurbhreppi, er heyrir undir kirkjunni á Stað í Grunnavík í Nordurísafjarðarprófastsdæmi, og hálfri bændajörðinni Nesi í sama hreppi, með því skilyrði að hin fyrnefnda jörð framvegis verði skoðuð sem bændaeign að því er snertir alla skatta og skyldur, en hin síðarnefnda hálfenda sem kirkjujörð.

Þetta er hinum heiðruðu stiptsyfirvöldum hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um sölu á kirkjujörð (Rafnseyrarprestakalls). — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir með brjefi, dagsettu 12. f. m., skýrt mjer frá, að hans hátign konunginum hafi 5. s. m. allramildilegast þóknast að veita allrahæst samþykki sitt til þess að jörðin Bauluhús í Auðkúluhreppi, sem heyrir undir Rafnseyrarprestakall í Vesturísafjarðarprófastsdæmi, verði seld fyrir 1200 kr., með því skilyrði að söluandvirði jarðarinnar sje sett á vöxtu í Söfnunarsjóði Íslands sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign prestakallsins, að 2 kr. af vöxtunum árlega leggist við höfuðstólinn fyrstu 100 árin og síðan 1 kr. á ári hverju, en að öðru leyti njóti beneficiarius vaxtanna og að nefnd jörð framvegis verði skoðuð sem bændaeign að því er alla skatta og skyldur áhrærir.

Þetta er hinum heiðruðu stiptsyfirvöldum hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

11. dag marzm. 1899.

Reykjavík. — Ísafoldarprentsmiðja.